

sumri. Hra. Albert Kristjánsson, og verði hann við ósk þeirra eiga þau mál vænlega framtíð, því hann er bæði hæfilegleika maður mikill og einkar vinsæll þar sem menn fá kynni af honum.

Grunnavatns söfnuður er rétt í byrjun, á því hvorki kyrkju eða samkomuhús, er það eitt af því sem hann þarf að eignast það bráðasta er hann hefir komið fyrir sig fótum, enda verður honum það mögulegt vonandi er framlíða stundir.

Mary Hill söfnuður hefir nýlega haldið ársfund sinn, en ekki höfum vér spurt hversu verkum er skipt með nefndinni en heyrst hefir að sama nefndin væri endurkosinn. Hefir sá söfnuður gjört vel er hann kallaði til sín prest á síðastlíðnu sumri og tók rausnalegan þátt í tilkostnaði hans meðan hann dvaldi hjá honum. Söfnuðurinn á allareiðu kyrkju og er því vel viðbúinn að halda uppi starfi strax og hamu fær til sín prest, er væntanlega verður á þessu sumri. Það er og í hyggju að kyrkjufélag vort haldi þar þing sitt á næsta sumri, ef kríngumstæður leyfa.

Norður í Narrows byggð eru fjölda margir sinnandi vorun Únítarisku málum og má vænta þess að strax og hægt væri að veita þeirri byggð nokkra þjónustu myndi rísa þar upp öflugur félagsskapur, er veita myndi samvinnu kyrkjufélagi voru, efla skoðanamál vor.

Maðurinn mælikvarði alls

Maðurinn er mælikvarði allra hluta, sagði einn forngríski spekingurinn. Mjög djúp og mikilsverð sannindi felast í orðum þessum, sannindi sem mennirnir hafa þrásinnis gleymt.